

Kjarnaskógur-Gróðrarstöð - deiliskipulag

Breyting á deiliskipulagi.

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:


- Skipulagssvæðið stækkar um 4.350 m² á svæði vestan við lóð Sólskóga. Á stækkuðu svæði er gert ráð fyrir nýju ræktunarsvæði Sólskóga. Lóðarmörk breytast ekki á og því verður nýtt ræktunarsvæði utan lóðar.
- Bætt er við byggingarreit I fyrir nýtt gróðurhús vestan við byggingarreit G. Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa byggingu á einni hæð að hámarki 2.200 m². Hæð skal vera að hámarki 10 m yfir gólfkóta. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.
- Bætt er við byggingarreit J fyrir ný gróðurhús vestan við nýja aðkomu að svæðinu. Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa tvær byggingar á einni hæð að hámarki 310 m² hvor. Hæð skal vera að hámarki 4 m yfir gólfkóta. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.
- Bætt er við byggingarreit K fyrir nýtt gróðurhús austan við nýja aðkomu að svæðinu. Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa byggingu á einni hæð að hámarki 400 m². Hæð skal vera að hámarki 4 m yfir gólfkóta. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.
- Bætt er við byggingarreit L fyrir starfsmannaáðstöðu vestan skrifstofubyggingar Sólskóga. Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa byggingu á einni hæð að hámarki 80 m². Hæð skal vera að hámarki 5 m yfir gólfkóta. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.
- Lóð Skógræktarfélags Eyfirðinga syðst á skipulagssvæðinu stækkar um 460 m² og lóð Sólskóga umhverfis byggingarreit A minnkar samhliða um 460 m². Er hér um að ræða leiðréttingu á raunverulegum lóðarmörkum milli lóða Skógræktarfélags Eyfirðinga og Sólskóga.
- Bætt er við byggingarreit M fyrir nýjar skemmur/geymsluhúsnæði á lóð Skógræktarfélags Eyfirðinga syðst á skipulagssvæðinu. Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa eina eða tvær byggingar á einni hæð að hámarki 450 m² samtals. Hæð skal vera að hámarki 7,5 m yfir gólfkóta. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls. Jafnframt er gerð breyting á athafnarsvæði innan lóðarinnar í samræmi við núverandi aðstæður og aksturstengingu að byggingarreit bætt við.
- Rotþró á lóð Skógræktarfélags Eyfirðinga syðst á skipulagssvæðinu fellur út. Rotþróin hefur verið tekin úr notkun og er allt fráveitukerfi svæðisins tengt í rotþró austast á skipulagssvæðinu.
- Byggingarreitir A umhverfis skrifstofubyggingu Sólskóga breikkar um 5 m til austurs. Núverandi bygging er á einni hæð og er gólfflatarmál um 140 m². Heimilt er að byggja við núverandi byggingu eða nýja byggingu á einni hæð innan byggingarreits í stað núverandi byggingar. Hámarkshæð nýbyggingar skal vera 6 m yfir gólfkóta. Byggingarreitirinn er 280 m² og heimilt er að fullnýta byggingarreitinn. Ekki er heimiluð búseta í byggingunni.
- Byggingarreitir F fyrir kæligeymslu breikkar um 8 m til norðurs og skilmálar byggingarinnar breytast þannig að heimilt verður að reisa stærra skemmu/geymsluhúsnæði innan byggingarreitsins í stað kæligeymslu. Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa byggingu á einni hæð að hámarki 450 m² en auk þess er heimilt að hafa milliloft í allt að helmingi byggingar. Hæð skal vera að hámarki 7 m yfir gólfkóta. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.
- Byggingarreitir C umhverfis gróðurhús breytist þannig að hægt verður að byggja vestan núverandi byggingar í stað austan áður. Jafnframt breikkar byggingarreitirinn um 2 m. Núverandi bygging er á einni hæð og er gólfflatarmál um 400 m². Heimilt er að byggja nýja byggingu innan byggingarreits í stað núverandi byggingar. Byggingarreitirinn er 1058 m² og heimilt er að reisa byggingu á einni hæð að hámarki 700 m². Hámarkshæð nýbyggingar skal vera 6 m yfir gólfkóta. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls. Við þessa breytingu falla út bílastæði sem gert var ráð fyrir milli byggingarreit C og D og er þess í stað gert ráð fyrir bílastæðum norðan núverandi aðkomuvegar og við athafnarsvæði sunnan við byggingarreit D.
- Byggingarreitir E fyrir skrifstofubyggingu/starfsmannahús er felldur út ásamt bílastæðum austan byggingarreitsins.
- Smávægileg hlíðrun er gerð á nýrri aðkomu að svæðinu úr norðri til samræmis við raunverulega legu hennar.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem var samþykkt 27.11.2007.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEDFERÐ
SKV. 1. MGR. 41. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í
BÆJARSTJÓRN ÞANN _____

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR


SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í B-DEILD
STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____



HLUTI ADALSKIPULAGS AKUREYRAR 2018-2030

SKÝRINGAR

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- LÓÐARMÖRK
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- BYGGINGARREITIR
- MÆNISSTEFNA
- REKTUNARSVÆÐI
- ATHAFNASVÆÐI OG BÍLASTÆÐI
- ROTÞRÓ
- JARÐSTRENGUR
- ÖBYGGT SVÆÐI



GILDANDI DEILISKIPULAG, SAMÞYKKT 27.11.2007.



BREYTT DEILISKIPULAG

-TILLAGA-

AKUREYRARBER - KJARNASKÓGUR-GRÓÐRARSTÖÐ
DEILISKIPULAGSBREYTING

KVARDI-A1: 1:1000 TEIKN NR: 001
DAGS: 14.02.2019 HANNAÐ: lí/ól
FLOKKUR: 6000 TEIKNAD: lí
SKRÁ: VERKNR: 19016



LANDSLAGSARKITEKTARFÍLA
SKÓLAVÖRUSTIG 11, 101 REYKJAVÍK, Sími: 5355300, Fax: 5355301
VEFFANG: WWW.LANDSLAG.IS / NETFANG: LANDSLAG@LANDSLAG.IS